

602

Í fornöld á jörðu var frækorni sáð



C C/E C G/D D7 G C

1. Í forn - öld á jörð - u var fræ - korn - i sáð, það fæst - um var kunn - ugt en
 2. Þá dundu' yf - ir storm - ar og hret - viðr - in hörð og hagl - él og eld - ing - ar
 3. Og fræ - korn - ið smá - a varð feikn - ar - stórt tré, þar fá mátt - i lífs - ins í
 4. Í skjól - i þess þjóð - irn - ar þreyt - a sitt skeið og þreytt - ur fær hress - ing á

G C G/B G/D C C/E G7/D G7 C

sums stað - ar smáð, það fræ - korn var Guðs ríki', í fyrst - unn - i smátt en
 geis - uðu' um jörð. Það níst - ist af frost - i, það fun - aði' af glóð en
 storm - un - um hlé, það breidd - i sitt lim yf - ir lönd, yf - ir höf, á
 erf - iðr - i leið, í skjól - i þess hrak - inn og ves - all fær vörn, þar

F C C/E G G7 C

frjóvg - að - ist óð - um og þrosk - að - ist brátt.
 frjóvg - að - ur vís - ir þó ó - skemmd - ur stóð.
 lif - end - a bú - stað, á dá - inn - a gröf.
 velj - a sér at - hvarf hin sak - laus - u börn.

5. Það vantar ei enn þá hin ísköldu él og orma sem vilja þess rót naga' í hel en hvernig sem fella það farið er að þeir fá því ei grandað né eyðilagð það.

6. Það blómgast og vex og æ blómlegra rís í breiskjandi hita, í nístandi ís, af lausnarans blóði það frjóvgaðist fyrst, þann frjóvgunarkraft eigi getur það misst.

7. Frá heimskauti einu til annars það nær þótt önnur tré falli, þá sífellt það grær, þess greinar ná víðar og víðar um heim uns veröldin öll fær sitt skjól undir þeim.

8. Og sú kemur tíðin að heiðingja hjörð þar hælís sér leitar af gjörvallri jörð, sú tíðin að illgresið upp verður rætt og afhöggna limið við stofninn sinn grætt.

9. Hve gleðileg verður sú guðsríkisöld.
 Um gjörvallan heim ná þess laufskátjöld.
 Úr hvelfingu myndast þar musteri frítt,
 þar mannkynið allt Guði lof syngur blítt.